

Landskerfis bókasafna hf. – tillögur á aðalfundi 2025

Tillaga um heimild stjórnar til hækkunar hlutafjár

Stjórn félagsins leggur til að heimild stjórnar til hækkunar hlutafjár samkvæmt 2. mgr. 4. gr. samþykktu félagsins verði endurnýjuð til fimm ára.

Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutafé þess um allt að kr. 3.866.890 – þrjámilljóniráttahundruðsextíuogsexþúsundáttahundruðogníutíu – með áskrift nýrra hluta. Hluthafar skulu ekki eiga forgangsrétt til áskriftar að þessum nýju hlutum heldur skal stjórn félagsins leitast við að fjölga hluthöfum þess. Þó má selja núverandi hluthöfum nýjan hlut í þeim tilvikum þar sem hluthafinn er sveitarfélag sem sameinast hefur sveitarfélagi sem ekki átti hlut áður. Hinir nýju hlutir skulu vera í sama flokki og með sömu réttindi og aðrir hlutir í félaginu. Þeir skulu veita réttindi í félaginu frá skrásetningardegi hlutafjárhækkunar. Stjórn félagsins skal ákveða útboðsgengi, greiðsluskilmála og í hvaða áföngum heimildin verður nýtt. Heimild stjórnar félagsins til hlutafjárhækkunar samkvæmt þessum ákvæðum fellur niður í apríllok 2030 að því marki sem hún þá enn kann að vera ónýtt.

Greinargerð með tillögu:

Í tillögunni felst að núverandi heimild stjórnar til hækkunar hlutafjár félagsins sem rann út í apríl 2022 verði endurnýjuð og látin gilda í fimm ár frá samþykkt hennar. Lagt er til að 2. mgr. 4. gr. samþykktu félagsins verði breytt á þann veg að stjórn félagsins geti tekið ákvörðun um að auka hlutafé félagsins vegna tilkomu nýrra hluthafa í félaginu innan þess ramma sem ákvæðið kveður á um.

Tillaga til breytinga á 1. mgr. 12. gr. samþykktu félagsins

Stjórn félagsins leggur til að 1. mgr. 12. gr. samþykktu félagsins hljóði framvegis svo:

Félagsstjórn skal boða til hluthafafunda með tilkynningu til hvers hluthafa í ábyrgðarbréfi, símskeyti, með tölvupósti eða á annan jafn sannanlegan hátt nema hluthafi hafi óskað eftir bréflegri boðun. Aðalfund skal boða með minnst fjórtán daga fyrirvara en aukafund með minnst sjö daga fyrirvara. Fundarefnis skal getið í fundarboði.

Greinargerð með tillögu

Í tillögunni felst að stjórn félagsins verði framvegis heimilt að boða til hluthafafundar með tölvupósti auk þeirra aðferða sem þegar er getið í samþykktum, í samræmi við 80. gr. b.laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Er lagt til að stjórn verði heimilt að boða til hluthafafundar með tölvupósti ef hluthafi hefur ekki sérstaklega óskað eftir bréflegri boðun. Gert er ráð fyrir að hver hluthafi tilkynni félaginu um netfang sem framkvæmdastjóri eða annar starfsmaður félagsins skal senda fundarboð í. Hafi ekkert netfang verið tilkynnt eða netfang er ekki virkt skal félagið senda fundarboð í almennt netfang hluthafa.